

EFTIRLITSSKÝRSLA

PCC BakkiSilicon hf. Bakki, Norðurþing



Dags eftirlits	23.10.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	PCC BakkiSilicon hf.	Eftirlitsmaður	Sigríður Kristinsdóttir
Heimili	Bakkavegur 2	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	450612-0140	Flokkur	Kísilverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Ólafur Ármann Sigurðsson	ÍSAT nr.	09.90.0
Fulltrúi fyrirtækis	Pórunn Harðardóttir	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit kom fram eitt frávik er varðar frágang á geymsluplani. Umhverfisstofnun hefur óskað eftir upplýsingum er varðar hlutfall reyklos, BAT- greiningu og áætlun um framgang verkefnisins vegna uppsetningu pökkunarstöðvar, sjá kaflann Önnur atriði.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit í PCC á Bakka og var umfang eftirlitsins eftirfarandi:

- Staða úrbóta
- Reyklos – Umfang og verkferlar (t.d. gr. 1.5, 3.4-3.7)
- Önnur mál
- Skoðunarferð

Farið var yfir stöðu úrbóta. Umhverfisstofnun samþykkti úrbótaáætlun rekstraraðila þann 21. ágúst sl. Opín eru þrjú frávik er varða magn úrgangs og frágang á athafnasvæði rekstraraðila. Fram kom að áfram sé unnið að úrbótum vegna frávikanna og verða frekari úrbætur teknar út í næsta eftirliti.

Fjallað er um reyklos og atriði því tengdu, sbr. gr. 1.5 og gr. 3.4-3.7 í starfsleyfinu. Rætt var um mengunarvarnir rekstraraðila vegna reyklos og verklag vegna opunar neyðarskorsteina. Fram kom að neyðarskorsteinar opnast og lokast sjálfvirkir við ákveðið hitastig, en jafnframt sé einnig hægt að opna skorsteinana handvirkir. Reyklos verði einnig t.d. vegna viðhalds og við uppkeyrslu ofnanna. Opnun skorsteinanna sé skráð sjálfvirkir í tölvukerfi og jafnframt er gerð atvikaskráning í stjórnstöð verksmiðjunnar. Inn í verklagi rekstraraðila er jafnframt að miðla upplýsingum um reyklos til íbúa í nágrenninu eftir því sem hægt er. Stofnunin óskaði eftir upplýsingum um hvert hlutfall á reyklosi væri af rekstrartíma verksmiðjunnar. Rekstrartími ofns miðast við almanaksár og er jafnframt sá tími sem álag ofns er yfir 30% af hámarksálagi ofns.

Rekstraraðili tilkynnti þann 21. október sl. um að vandamál hefði komið upp við uppsetningu á nýrri pökkunarstöð fyrir kísilryk. Hefur rekstraraðili þurft að geyma kísilryk tímabundið utandyra meðan unnið er að pökkun þess í stórsekk og gengið frá nýrri pökkunarstöð. Umhverfisstofnun óskar eftir áætlun um framgang þessa verkefnis.

Við eftirlit var plan við pökkunarhús mjög blautt og drullugt og voru þar þó nokkur kísilryki í tímabundinni geymslu sem sumir stóðu í vatni. Í samræmi við 2. mgr. gr. 2.4 í starfsleyfi fer Umhverfisstofnun fram á að gengið verði þannig frá planinu að ástandið verði ekki eins og var við eftirlitið. Ástand plansins er til lyta fyrir umhverfið og ekki til þess fallið að auðvelda þrífnað og draga sem mest úr hugsanlegum umhverfisáhrifum frá verksmiðjunni.

Frávik frá

Lýsing á frávikum

2. mgr. gr. 2.4 í starfsleyfi	Við eftirlit stóð vatn og drulla á geymsluplani við pökkunarhús og stórsekkir með kísilryki, sem þar voru í tímabundinni geymslu, stóðu sumir hverjir í vatninu. Umhverfisstofnun fer fram á að rekstraraðili gangi þannig frá planinu að framangreint ástand á planinu endurtaki sig ekki, s.s. með fullnægjandi malar og drenlagi, bundnu yfirlagi eða á annan hátt sem stofnunin metur fullnægjandi.
-------------------------------	---

ANNAÐ

Umhverfisstofnun hefur óskað eftir eftirfarandi upplýsingum frá rekstraraðila:

- Hlutfall reyklos af rekstrartíma almanaksárs.

- BAT- greiningu
- Áætlun um framgang verkefnis vegna atviks tengt uppsetningu þökkunarstöðvar.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 27.11.2024

Sigríður Magnúsdóttir

Sigríður Magnúsdóttir